

Kemur Sven Hedin hingað að sumri?

Mikil sænsk sýning verður haldin hér
í bænum í næstkomandi júlímánuði.

FYRIR atbeina félagsins „Sví-
þjóð“, forgöngu stjórnar
þess og sænska ræðsmannsins
hér í bænum og í samráði við
ýmsa merka Svía er í ráði að
halda sænska viku hér í bænum
næsta sumar að líkindum í júlí-
mánuði.

Til þess að hafa allan undir-
búning á hendi hér hefur verið
mynduð nefnd 22 manna, þar á
meðal fulltrúa frá hverju dag-
blaði og hverjum stjórnmála-
flokki.

Skipa nefndina þessir menn:
Hermann Jónasson forsætisráð-
herra, fulltr. frá fél. „Svíþjóð“
Alexander Jóhannesson prófes-
sor, Ásgeir Ásgeirsson fræðslu-
málastjóri, Gunnlaugur Einarsson
læknir, Guðlaugur Rósin-
krans yfirkennari, og Magnús
Kjaran stórkaupmaður. Frá
blöðum og stjórnmálaflokkum
Stefán Jóh. Stefánsson hesta-
réttarmálaflm., Theódór Línal




N. JEANSON
ræðismaður Svía.

hæstaréttarmálaflm., Sigurður
Thorlacius skólastj., Thor Thors
alþingism., Vilhj. Vilhjálmsson

ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Sunnudagsblaðið á morgun

Sunnudagsblaðið á morgun er
mjög fjölbreytt. Efnisskrá: Verð-
ur hann eins heppinn og hingað
til? Lýsing á Ras Tafari Abessi-
níukeisara og ágríp af æfisögu
hans. Falnu fjársjóður, smásaga
eftir O. Henry. Auðvirðilegur og
óhreinn ræfill, ágríp af stjórnmá-
lasögu Mussolinis, eftir Ange-
lica Balabanoff, rússneska fursta-
dóttur, sem hefir alla æfi sína
verið í þjónustu verkjýðshreyf-
ingarinnar. Þegar hún kynnist
Mussolini sem fátækum flötta-
manni, starfaði hún meðal ítalskra
verkamanna í Lausanne í Sviss.
Hún var fyrsti ritari Alþýðasam-
bands kommúnista, en var rekinn.
Þá er grein um kvikmyndir þær,
er nú eru sýndar á kvikmynda-
húsum bæjarins o. m. fl.



SVEN HEDIN

blaðam., Valtýr Stefánsson rit-
stjóri, Sigfús Halldórs ritstjóri,
Páll Steingrímsson ritstj. Fyrir
Norræna félagið Sigurður Norð-
dal prófessor. Ennfremur Pétur
Halldórsson borgarstj. fyrir
bæjarráðið, Helgi H. Eiríksson
fyrir Löndráðið, Geir vegamála-
stj. Zoëga fyrir Ferðafél., Guð-
mundur Finnbogason lands-
bókav., Páll Isólfsson organleik-
ari og Mathías Þórðarson þjóð-
minjav. og Guðm. Thoroddsen
háskólafekkur.

Hélt þessi nefnd fyrsta
fund sinn í gær að Hótel Borg.
Nefndin kaus í framkvæmda-
nefnd til viðbótar þeirri fram-
kvæmdarnefnd, sem félagið
sjálft hafði kosið, en í henni eru
Gunnlaugur Einarsson læknir,
(Frh. á 4. síðu.)

Fátækrafulltrúarnir eru orðnir fimm að tölu

Íhaldið hefir flutt kosningasmala
norðan úr Skagafirði inn í fátækra-
fulltrúastarfið.

Eins og skýrt var frá hér í
blaðinu fyrir nokkru, hefir íhalds-
meirihlutinn í bæjarráði ákveðið
að skifta bænum niður í fjögur
fátækrahverfi og ráða fimm nýja
fátækrafulltrúa til viðbótar þeim
þremur, sem fyrir voru.

Jafnframt fól íhaldsmeirihlutinn
borgarstjóra að ráða menn í stöð-
urnar.

Á bæjarráðsfundi, sem haldinn
var í gærkvöldi, upplýsti borgar-
stjóri, að hann hefði þegar ráðið
Ólaf Sigurðsson, fyrverandi hvít-
líða, sem um skeið hefir unnið ó-
æðri störf hjá fátækrafulltrúun-
um, og einnig Sigurð Björnsson,
bónda frá Veðramóti í Skagafirði,
sem hefir verið þægur kosninga-
smali fyrir íhaldið þar.

Sigurður þessi er alveg nýfluttur
til Reykjavíkur og hefir ekki
eina sinni kosningarétt hér enn.

Eins og eðlilegt er, er Sigurður
algerlega ókunnugur högum bæj-
arþúa og ástandinu meðal fátæk-
linganna, og er alveg óskiljan-
legt, að íhaldsmeirihlutinn skuli
ekki hafa fundið neinn hæfari í
þetta starf meðal bæjarþúa en
þennan aðflutta mann.

Enn er ekki fullvist, hverjir

Leynifundir í London, París og Rómaborg. Frakkar lofa Bretum stuðningi í Miðjarðarðarhafi.

LONDON, 19. okt. FÚ.

SÁ orðrómur barst út seint í gærkvöldi, að Laval
hefði sent brezku stjórninni svar við spurningu
hennar viðvíkjandi væntanlegri aðstoð Frakka í Mið-
jarðarhafinu, ef til orustu kæmi, þrátt fyrir það, að
Laval hafði sjálfur gefið í skyn, að svars væri ekki að
vænta fyrir en eftir stjórnarráðsfundinn á mánudaginn
kemur. Svarið er talið vera á þá leið, að Frakkar muni
veita Bretum stuðning sinn, svo framarlega, sem Bret-
ar myndu þurfa að berjast sem meðlimur Þjóðabanda-
lagsins, og aðrar þjóðir innan Þjóðabandalagsins veittu
þeim samskonar stuðning.

Það er talið með stórviðburðum á stjórnmálasvið-
inu, að Grandi, sendiherra Ítala í London fór á fund
Sir Samuel Hoare, utanríkisráðgjafra Breta, í gær,
en um svipað leyti kallaði Mussolini sendiherra Breta
og Frakka í Róm á fund sinn, en Laval átti viðræður
við sendiherra Ítala og Breta í París. Það er látið í
veðri vaka, að opinberar tilkynningar verði gefnar út
um þessa fundi, eða að minsta kosti fundinn í Róm.

Bretar senda her
frá Englandi og Ind-
landi til Egiptalands.

LONDON, 19. okt. FÚ.

Brezka stjórnin hefir sent
eina herdeild frá Englandi til
Egiptalands, og þrjár herdeild-
ir úr Asíu eru á leiðinni þang-
að. Tver fylkingar, önnur
egípsk og hin brezk hafa verið
sendar til Vestur-Egiptalands.

Hitasótt geisar í
ítalska hernum.

LONDON 18. okt. FÚ.

Á vígstöðvunum við Somalí-
land og Eritreu er allt með
kyrrum kjörum í dag, nema
hvað ítalskar njósnaflugvélar
sveima yfir vígstöðvunum. —
Ítalskar tilkynningar herma, að
fleiri og fleiri abessínskir höfð-
ingjar gangi ítölum á hönd, og
sama geri trúmálafélög inn-
lendra manna. Í tilkynningum
Abessíníumanna segir aftur á
móti, að ítölsku hermennirnir
seu orðnir þreyttir og uppgefnir,
að hitasótt geisi í her þeirra
eftir rigningarnar, og þeir
hrynji niður af hitanum og
sjúkdómum.

Sókn Ítala við
Makale er ekki
byrjuð.

Í Róm er tilkynnt í dag, að
sókn Ítala við Makale geti haf-
ist hvenær sem er. Verkamenn
eru þar nú komnir fram úr her-
sveitunum, með vegalagningar,
sem eiga að tryggja hernum að-

Sæsímínn slítn-
aði í nótt.

Í nótt slitnaði sæsímínn milli
Færeyja og Skotlands. Eru bilan-
ir sæsímans orðnar ískyggilega
tíðar og valda miklum óþægind-
um hér.

Viðgerðarskip mun fara mjög
bráðlega til að gera við bilunina.
Vegna símabilunarinnar hefir
Alþýðublaðið ekki fengið neitt
einkaskeyti í dag.

Kommúnistar höfðu setið á
fundi í húsinu um kvöldið, og
hafði húsverdurinn yfirgefið hús-
ið síðastur allra um ellefu-leytið
um kvöldið.

Húsið var váttrygt hjá Bruna-
bótafélaginu fyrir 30 þúsund
krónur, en innanstokksmunir voru
óváttrygd.



DE BONO,

yfirhershöfvingi Ítala í Austur-
Afríku.

flutninga. Abessíníukeisari hef-
ir boðið, að 1000 manns skuli
þegar dregnir saman við Dolo,
og jafnskjött sem Ítalir hefji á-
rás sína á norðurvígstöðvunum
skuli þessi her brjótast inn í
ítalska Somalíland, og sækja
fram til Mogadisku, en það er
á strönd ítalska Somalílands.

Abessíníumenn hafa
lært að verjast,
ítölsku flugvélunum

Ítalskir flugmenn, sem halda
uppi loftárásum á norðurvíg-

stöðvunum viðurkenna, að A-
bessíníumenn séu orðnir meist-
rarar í að dyljast. Þeir bera ryk
og mold á klæði sín, og liggja
grafkyrrir á jörðinni, svo að
ómögulegt er að greina þá úr
lofti. Enn hefir þeim þó ekki
tekist að fela herbúðir sínar og
tjöld.

Abessínskur hermaður, sem
tók þátt í orustunni við Gerlo-
gubi skýrir svo frá, að þar hafi
20 skriðdrekar fylgt fótgöngu-
liði Ítala. Hann segir, að hann
og félagar hans hafi hrakist
vestur á bóginn undan látausri
vélbyssuskothríð. Þeir vildu
veita árás Ítala viðnám, en her-
foringi þeirra bauð þeim, að
hörfa undan.

Ætla Þjóðverjar að
birgja Itali upp að
kolum og öðrum
hráefnum?

OSLO, 18. okt. FB.

Samkvæmt Lundúnaskeytum
til Dagbladet birta blöðin í
Lundúnum fregnir um það, að
Ítalir og Þjóðverjar hafi gert
með sér samkomulag þess eft-
is, að Þjóðverjar skuli birgja
Ítali upp með kol og önnur hrá-
efni meðan styrjöldin stendur
yfir. (NRP.)

Alls herjar kolaverkfall yfírvofandi á Englandi.

Verkamennirnir heimta tveggja shill-
inga kauphækkun á viku.

LONDON, 18. okt. FÚ.

FULLTRÚAR námumanna
úr öllum kolahéruðum Eng-
lands, Skotlands og Wales komu
saman á fund í London í dag.
Á fundinum var samþykkt með
miklum meirihluta tillaga um
það, að efna til allsherjarat-
kvæðagreiðslu meðal kolanámu-
manna um allt Bretland, um það
hvort ekki skuli barist til þraut-
ar fyrir kröfunni um tveggja
shillinga kauphækkun á viku.
Lagt var til að atkvæðagreiðsl-
an skyldi lätin fara fram 11.,
12. og 13. næsta mánaðar, en
þó gert ráð fyrir að breyta
þessu ef það kynni að rekast á
almennu þingkosningarnar, en
þær hafa enn ekki verið dag-
settar.

Frankvæmdastjórn Námu-
sambandsins var gefið viðtækt
vald til þess, að halda áfram
baráttunni fyrir tveggja shill-
inga launahækkuninni. Á mánu-
daginn kemur hefir verið á-
kveðið að framkvæmdastjórn
námumannasambandsins og
stjórn námueigendasmabands-
ins komi enn saman á fund í
London. Ef saman gengur á

þeim fundi, er talið víst að at-
kvæðagreiðslan verði lätin falla
niður.

Kolaverkfallið í Suð-
ur Wales hefur
áfram. Verkfallsmenn
irnir neita að komu
upp úr námumum.

Fulltrúarnir frá Suður-Wales
fóru skýndilega af fundi í dag;
voru kallaðir til Cardiff til þess
að starfa í verkfallinu. Þvínaer
engin kolanáma í Monmouths-
hire er nú rekin, og telja sum-
ar skýrslur að allt að 30,000
manns hafi lagt niður vinnu.
Námumennirnir við Nine Mile
Pint, hafa nú verið 150 klukk-
stundir niðri í námumni, en þeir
neitðu fyrstir að koma upp úr
námumna.

Á fundum, sem haldnir voru í
gærkvöldi, voru samþykktar á-
lyktanir sem allar gengu í sam-
úðar átt með verkamönnum.
Þúsundir manna og kvenna fóru
á milli námanna í morgun, og
hvöttu verkamennina til þess að
taka ekki upp vinnu.